

Nefndasvið Alþingis  
b.t. velferðarnefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 29. apríl 2021

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, nr. 87/2018 (níkótínvörur), 713. mál.**

Félag atvinnurekenda vísar til umsagnarbeiðni velferðarnefndar um ofangreint mál, dags. 15. apríl sl.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að tilgangur frumvarpsins sé að setja skýrar reglur um heimildir til sölu, markaðssetningar og notkunar á níkótínvörum og fella það undir sömu reglur og gilda samkvæmt lögum nr. 87/2018 um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur. Félagið fagnar því að lögfesta eigi regluverk um innflutning, markaðssetningu og notkun níkótínþúða sem hefur fram til þessa verið án lagaumgjörðar.

Félagið gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

**Almennar athugasemdir**

- Félagið fær ekki betur séð en samræma þurfi ákvæði frumvarpsins betur þannig að kveðið sé á um hlutverk Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um markaðseftirlit en ekki Neytendastofu, sbr. 14. gr. (breyting á 13. gr.)<sup>1</sup>, 15. gr. (breyting á 14. gr. (fyrirsögn, 3. mgr. og 4. mgr.)), 16. gr. (breyting á 15. gr.), 17. gr. (breyting á 16. gr.)<sup>2</sup> og hugsanlega 18. gr. (breyting á 17. gr.) en víða er enn kveðið á um Neytendastofu þó hún eigi einungis að fara með eftirlit með banni með auglýsingum og bráðabirgðaákvæði 22. gr. eigi að veita henni heimild til að gegna núverandi hlutverki til 1. október nk.
- Í bráðabirgðaákvæði 22. gr. a. í frumvarpinu segir: „Fram til 1. október 2021 fer Neytendastofa með hlutverk Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar skv. IV. og VI. kafla og áfrýjunarnefnd neytendamála með hlutverk úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála skv. 19. gr.“ Í 19. gr. laganna er fjallað um ákvarðanir Neytendastofu og áfrýjunarnefnd neytendamála en í frumvarpinu er ekki lögð til breyting á ákvæðinu þannig að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála taki við hlutverkinu.

**8. gr.**

- Í 8. gr. frumvarpsins er lagt til að ráðherra sé gert að kveða á um leyfilegan hámarksstyrkleika níkótíns í níkótínvöru í reglugerð þar sem vörupróun kunni að vera hröð og unnt þurfi að vera að bregðast fljótt við ef rannsóknir leiða í ljós að breytinga sé þörf á hámarksstyrkleika. Félagið telur rétt að í þeirri reglugerð verði styrkleiki bundinn við þúða en ekki einingu eða magn. Verði styrkleikinn bundinn við magn er hættu á að framleiðendur fari þá leið að stækka þúðana.

<sup>1</sup> Í greinargerð kemur fram að lagðar séu til breytingar þar sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun er falið hlutverk markaðseftirlitsaðila með níkótínvörum og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun setji á stofn samvinnunefnd. Núgildandi 13. gr. er svohljóðandi: „Neytendastofa fer með markaðseftirlit með rafrettum og áfyllingum fyrir þær í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Neytendastofa skal setja á stofn samvinnunefnd [...]“. Félagið fær ekki betur en séð en við a-lið 14. gr. þurfi að bæta við: Í stað „Neytendastofa“ í 1. og 2. málsli. kemur „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“.

<sup>2</sup> Einnig: „Á eftir „ætla að“ kemur orðið „níkótínvörur“.

**17. gr.**

Samkvæmt 2. mgr. 16. gr. laganna mun ráðherra setja reglugerð með nánari ákvæðum um kröfur varðandi gæði, öryggi, merkingar og innihaldslýsingu rafretna og áfyllinga fyrir þær. Gæta þarf að því að nægur aðlögunartími verði veittur þar til sú reglugerð tekur gildi svo fyrirtækin geti orðið við kröfum sem gerðar verða.

**20. gr.**

Með ákvæðinu er Húsnæðis- og mannvirkjastofnun veitt heimild til að leggja dagsektir á fyrirtæki sem ekki verða við kröfu um úrbætur. Félagið telur það rétt skref en eftirliti með sölu og markaðssetningu rafretna og áfyllinga fyrir þær hefur fram til þess verið talsvert ábótavant sem skekkir samkeppnisstöðu fyrirtækja.

Virðingarfyllst,  
f.h. Félags atvinnurekenda



---

Guðný Hjaltadóttir, lögfræðingur